# Fréttatilkynning frá Ferðaklúbbnum 4X4

---

## Mótmælum lokunum á fallegum ferðaleiðum

Drög að verndaráætlun um Vatnajökulsþjóðgarð liggur frammi til athugasemda til og með 24. júní. Í henni er gert ráð fyrir lokunum á mörgum fallegum ferðaleiðum fyrir akandi umferð.

Ferðaklúbburinn 4x4 mótmælir þessum hömlum á ferðafrelsi og mun leggja fram formlegar athugasemdir til umhverfisráðherra gegn þeim. Þessar aðgerðir bitna harðast á hinum almenna íslenska ferðamanni og ekki síst öldruðum, fötluðum og börnum sem ekki munu geta gengið þessa leiðir.

Þeir sem eru ekki sáttir við fyrirhugaðar lokanir fallegra ferðaleiða eins og Vonarskarði, Heinabergsdal, Vikrafellsleið og leiðum á Jökulheimasvæðinu og Tungnaáröræfum, geta farið inn á vef Ferðaklúbbsins 4x4 (www.f4x4.is) og sent þaðan persónulegt póstkort til Umhverfisráðherra og Vatnajökulsþjóðgarðs til að mótmæla þeim. Um leið er hægt að skrifa undir mótmælalista sem sendur verður til umhverfisráðherra.

Hægt er að nálgast lýsingu á þessum ferðaleiðum á forsíðu www.f4x4.is og senda mótmælapóstkort á slóðinni www.f4x4.is/motmaeli

---

F.h. Ferðaklúbbsins 4x4

**Sveinbjörn Halldórsson**
**Formaður**